Mótt. 8/10 '15
1510082

Akranesi.2/10 2015.

Til Skipulags og Byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Ég undirritaður fer þess á leit við Skipulags og Byggingarnefnd að mega standa fyrir byggingum sem Húsasmíðameistari í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar,sendi ég afrit af Meistarabréfi mínu og tvö önnur bréf sem tengjast þessu máli.

Með kærri kveðju og fyrirfram þökk.

Gunnar Ólafsson. Kt.140650-6689

Baugalundi. 12.

300. Akranes.

Sími. 431-1891 farsími. 983-4029

gunniol@internet.is

# MEISTARABRÉF

GUNNAR ÓLAFSSON

A K R A N E S I

*sem hér með hlýtur nafnbótina*

*meistari*

*í* h ú s a s m í ð i *og þar með rétt til að taka til kennslu nemendur í iðn sinni, er fædd*ur 14.o6. 195o í Reykjavík *,*
*lauk sveinsprófi hinn* 23.11. 1977
*og hefur síðan unnið að iðninni*

*Bréf þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 79 13. ágúst 1971, um iðju og iðnað, sbr. lög nr. 68 11. maí 1966 um iðnfræðslu.*

A K R A N E S I 27.11. 1979.

*lögreglustjóri.*

# AKRANESKAUPSTAÐUR — TÆKNIDEILD

BÆJARTÆKNIFRÆÐINGUR / BYGGINGAFULLTRÚI
KIRKJUBRAUT 8 — SÍMI 1211

RK/áb. AKRANESI, 30.11. 1979.

Gunnar Ólafsson,
Víðigrund 20,
300, Akranes.

Á fundi sínum þann 29.11. 1979 samþykkti byggingarnefnd Akraness umsókn yðar um leyfi til að standa fyrir byggingaframkvæmdum sem húsasmíðameistari.

Gjald kr. 6.000.-

Virðingarfyllst,

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG BYGGINGANEFNDAR HÚNAÞINGS VESTRA

**107. Fundur.**

107. Fundur skipulags- og bygginganefndar Húnaþings vestra haldinn 7. júní 2006 kl. 16:30 í Félagsheimilinu Hvammstanga. Formaður setti fundinn og stjórnaði.

1a. Erindi frá Gunnari Ólafssyni og Rannveigu Sturlaugsdóttur. Sækja um byggingarleyfi til að stækka frístundahúsið að Tjarnarkatli 2 í landi Litlu-Borgar samkv. meðf. teikningum númer 6145 og 6137 dags. 06.05.06 frá AL-Hönnun ehf. Erindi samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

X 1b. Gunnar Ólafsson kt. 140650-6689 fer þess á leit að starfa sem húsasmíðameistari innan umdæmis sveitarfélagsins. Bygginganefnd samþykkir að veita umbeðna viðurkenningu að starfa sem húsasmíðameistari.

2. Erindi frá Arnari Birgi Ólafssyni. Sækir um stækkun lóðar um tvo metra í suður á lóð númer 10 við Norðurbraut Hvammstanga. Erindið samþykkt, en nefndin bendir á að kvöð verði um lagnaleið á umræddri viðbót.
3. Erindi frá Óttari S. Einarssyni . Sækir um leyfi til endurbóta á Sandvík 8, Litluborgarlandi samkv. meðf. teikningu dags 25.05.2006 frá Mark Stofu ehf. Erindið samþykkt.
4. Erindi frá Sveitarstjóra. Lagt fram bréf Vegagerðarinnar þar sem óskað er framkvæmdaleyfis vegna fyrirhugaðrar breytingar á legu Víðidalsvegar á um 3 km. kafla frá vegamótum við Hrappstaðaveg út fyrir Dæli. Nefndin mælir með framkvæmdinni að fenginni umsögn Skipulagsstofunar ríkisins.

5a. Erindi frá Karli Guðmundssyni Mýrum III. Sækir um byggingarleyfi fyrir fjósi samkvæmt teikningum 06-501 dags 01.06.2006 frá Ívari Ragnarssyni. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

5b. Einnig lagður fram lóðaruppdráttur til samþykktar. Lóðaruppdrátturinn samþykktur.

6. Erindi frá Sigurði Björnssyni Kolugili. Sækir um lóð númer 48 við Höfðabraut. Nefndin mælir með úthlutuninni.
7. Erindi frá Sigurði Geir Einarssyni kt. 220172-5629. Sækir um lóð númer 46 við Höfðabraut. Nefndin mælir með úthlutuninni.
8. Erindi frá Verkstjórafélagi Norðurlands vestra pr. Ragnar Árnason. Sækir um leyfi til að stækka pall og skjólgirðingu, einnig heitan pott að Brautarhöfðavík landnúmer 144572. Erindið samþykkt.
9. Erindi frá Gunnari Bollasyni og Svövu Ágústsdóttur. Sækja um leyfi fyrir breytingum á bústað sínum í Hvarfslandi í Víðidal samkv. meðf gögnum. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
10. Erindi frá Sigtryggi Sigurvaldasyni Litlu- Ásgeirsá. Sækir um byggingarleyfi til að breyta hlöðu/flatgryfjum í geldneytishús sbr. teikningu frá Landsstólpa dags. 22.05.2006. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Sigtryggur vék af fundi við afgreiðslu erindisins.
11. Erindi frá Pétri Sigurvaldasyni Neðri – Torfustöðum. Sækir um byggingarleyfi til breytingar á hlöðu sbr. meðf. teikningum dags. 29.03.2006 frá Landsstólpa. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Sigtryggur vék af fundi við afgreiðslu erindisins.

12. Erindi frá Sveinbjörgu R. Pétursdóttur. Fyrirspurn um byggingarleyfi til að byggja bílskúr að Melavegi 7, samkv. meðf. rissi. Nefndin tekur jákvætt í erindið, en bendir á að grenndarkynna þarf framkvæmdina.
13. Erindi frá Pétri Þ. Baldurssyni Þórukoti. Sækir um byggingarleyfi til að byggja fjós samkv. meðf. teikningum verk no. 0924-10 dags. 06.06.2006 frá Byggingarþjónustu Bændasamtaka Íslands. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

Nefndarmenn þakka hver öðrum fyrir samstarfið einnig samstarfið við Tæknideild Húnaþings vestra. Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Ársæll Daníelsson(sign.),
Gunnar Leifsson(sign.),
Benjamín Kristinsson(sign.),
Víglundur Gunnþórsson(sign.).

Pétur Arnarsson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),
Ólafur H. Stefánsson(sign.),